

Aðalfundur LÍV 2008 í Kerlingarfjöllum 18. okt.

1. Fundarsetning.
2. Bergur Helgason kosinn fundarstjóri og Birkir Sigurðsson ritari.
3. Sigurjón forseti flutti skýrslu stjórnar og sagði frá ötulu starfi síðasta starfsárs og nýrri heimasíðu LÍV og fyiuhuguðum veðurathunarstöðvum sem væri verið að kanna hvort grundvöllur væri fyrir.
4. Jóhann Gunnar fór yfir ársreikning síðasta árs, útskýrði hann lið fyrir lið og var ársreikningur síðasta árs samþykktur samhljóða.
5. Formenn svæðafélaganna sögðu frá starfsárinu sem er að líða.

Bergur sagði frá starfi LÍV Reykjavík, þeir hafa verið að vinna með Samut (samtök útivistafélaga) varðandi Vatnajökulsþjóðgarð. Þeir heimsóttu Landhelgisgæsluna og skoðuðu þyrlurnar, þeir fengu Tetra fjarskipta kynningu, einnig fengu þeir til sín Garmin menn sem héldu skemmtilega og fræðandi kynningu. Haldið var snjóflóðanámskeið og fl. Árshátíð LÍV Reykjavík verður haldin 15.nóv.

Björn Sigmundsson renndi yfir starfið hjá EY-LÍV. Starfið byrjaði eins og áður á gríðarlegri vinnu við undirbúning á vetrarsportsýningunni sem haldin var í lok nóv. 21. jan var fyrsta félagsferðin farin í Laugarfell og voru 22 sleðar með í þeirri ferð sem gekk afar vel. 17. febrúar var haldið snjóflóðanámskeið sem Landsbjargarmenn stóðu fyrir. 18. febrúar var haldið skyndihjálparnámskeið. Einnig sagði Björn frá gerð Vatnahjallavegar, en EY-LÍV hefur lagt mikla vinnu og peninga í þennan veg innarlega í Eyjafirði. 5. apr. var farið í heimsókn til Skagafjarðar í 100 sleða túr út á Skaga. 23. apríl fóru félagsmenn á fjarskiptafund á vegum símans þar sem 3G kerfið var kynnt. Lokatúrinn var svo farinn á vordögum með Skagfirðingum í Flateyjardal.

Kiddi túrbó sagði frá starfi þeirra SNÆ-LÍV manna. K2Icehobby kom til þeirra og héldu kynningu á ýmsum vörum. Eyfirðingar komu í heimsókn og saman var haldið í túr sem taldi 100 sleða, frábær þáttaka það. Enn er verið að vinna í undirbúningi á vegagerð inn Kaldbaksdal. Sú vinna hefur gengið frekar hægt en nú virðist vera að rofa til, nú vantar að klára vinnu með hreppsnefndarmönnum og verkfræðingum. Skagfirðingar heimsóttu EY-LÍV menn og óku með þeim í hreint frábærum túr, þar sem yfir 60 sleðar tókur þátt og svo var grillveisla um kvöldið.

6. Jóhann Gunnar fór yfir rekstraráætlum næsta starfsárs.
7. Félagsgjöld og skipting þeirra verður óbreytt. Gjöld fyrir aukafélaga verða einnig óbreytt.
8. Lagabreyting var gerð á 3. grein, þ.e. að hætta að senda út sleðafréttir en í staðin verði haldið út heimasíðu félagsins og aðildarféлага.
9. Lagabreyting var gerð á 6. grein, þ.e. þeir félagar sem ekki greiða félagsgjald njóti ekki afsláttarkjara sem borgandi félagar njóta.
10. Breyting var gerð á stjórn LÍV, að forseti sitji í 2 ár og að sjöunda manni verði bætt inn í stjórnina sem geti sinnt sérverkefnum, s.s. gjaldkerastarfi.
11. Ný stórn kynnt. Frá EY-LÍV koma Björn Sigmundsson, Birkir Sigurðsson og Viðar Pálsson. Frá SNÆ-LÍV eru þeir Sigurjón Jónsson, Kristinn Björgvinsson og Jóhann Gunnlaugsson. Frá LÍV-Reykjavík koma þeir Bergur Helgason, Arnar Aðalgeirsson og Freyr Aðalgeirsson. Skoðunnarmenn reikninga verða Eiríkur Jónsson og Jóhann Gunnar.
12. Næsti aðalfundur var ákveðinn í október 2009.
13. Önnur mál:
Rikki stakk uppá að stjórnin myndi styðja Atlantsolíu í að notað verið litað bensín á vélsleða.

Rædd var vegagerð á Lyngdalsheiði, að stjórnin skoðið samstarf við 4X4.

Ný heimasíða var rædd og mikil ánægja með hana. Menn ræddu einnig gott starf Eiríks Jónssonar og þökkuðu fyrir hans framlag í gegnum tíðina, en Eiríkur hefur haldið utan um LÍV heimasíðuna gömlu frá upphafi.

Jóhann Gunnar stakk upp á því að við ættum að koma okkur í samband við Slysavarnarskólann og t.d. að læra að taka á móti þyrlu og sl.

14. Fundi slitið kl. 15.30

Virðingarfyllst, Birkir Sigurðsson.